**Bæjarstjórn Hafnarfjarðar**

Vogum, 9. des. 2019 20

**Umsókn um styrk**

til uppgræðslu og að hafa hemil á útbreiðslu lúpínu í landi Hafnarfjarðar í Reykjanesfólkvangi

Sjálfboðaliðasamtök um náttúruvernd, Sjá, þakka fyrir veittan 50.000 kr. styrk fyrir starfsárið 2020. Hann kom í góðar þarfir, eins og sjá má á meðfylgjandi ársskýrslu.

Samtökin sækja hér með um styrk að upphæð kr. 50.000 til að halda áfram vinnu samtakanna við að takmarka útbreiðslu lúpínu í landi Hafnarfjarðar í Reykjanesfólkvangi og áframhaldandi uppgræðslu við Bleikhól, miðja vegu milli Kleifarvatns og Seltúns. Samtökin hafa í 5 sumur unnið að því , með stuðningi Landgræðslunnar, að græða upp og loka rofbörðum við Bleikhól og lýkur því verki vonandi næsta sumar.

Samtökin hafa unnið að því í 8 ár að koma í veg fyrir að lúpína nái að breiðast út á fleiri svæðum í fólkvanginum en orðið er. Áhersla er lögð á að hún nái ekki útbreiðslu nálægt hverasvæðinu vinsæla í Seltúni, í landi sem tilheyrir Hafnarfirði. Starf þetta er í samráði við stjórn fólkvangsins og landvörð.

Styrknum verður varið til að greiða ýmsan kostnað sem hlýst af því að virkja og þjónusta sjálfboðaliða. Lúpníu er því aðeins hægt að halda í skefjum að unnið sé að því árlega í áratugi, vegna fræforða í jörðu.

F.h. stjórnar Sjálfboðaliðasamtaka um náttúruvernd.

Þorvaldur Örn Árnason, formaður.

valdurorn@simnet.is

**Fylgirit:**

Ársskýrsla Sjálfboðaliðasamtaka um náttúruvernd árið 2020.

Reykjanesfólkvangur lúpínustaðir 2013 – 2020. Staðir nr. 3 – 7 og 14 sem lýst er í skýrslunni eru í landi Hafnarfjarðar.

**Síða Sjálfboðaliðasamtakanna:** https://www.facebook.com/SJ%C3%81LFBO%C3%90ALI%C3%90ASAMT%C3%96K-UM-N%C3%81TT%C3%9ARUVERND-119960348030736/